

## Fundargerð

Fundur fjallskilaneftndar Reykhólahrepps  
miðvikudaginn 12. október 2016 kl. 13.



Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Einar Hafliðason formaður, Hafliði Ólafsson, Herdís Erna Matthíasdóttir og Tómas Sigurgeirsson. Þráinn Hjálmarsson mætti ekki. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Sérstakur gestur á fundinum var Bergsveinn Reynisson, leitarstjóri í Múlasveit haustið 2016.

Formaður bauð fólk velkomið og var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Framkvæmd fjallskila haustið 2016.

Formaður óskaði eftir því að Bergsveinn upplýsti nefndina um fjallskil í Múlasveit. Mikil vinna hefur farið í leitir í Múlasveit og ekki tekist að fara á öll svæðin. Þegar hafa verið lögð til 15 dagsverk af leitarstjóra og hans mönnum og 30 dagsverk frá Fremri- Gufudal í leitirnar, auk 15 dagsverka frá bæjum á Barðaströnd. Leitir eru orðnar of erfiðar og tímafrekar vegna aukins vaxtar á gróðri á svæðinu og svæðið víðfeðmt og fáir til leitar.

Fjallskilaneftnd leggur til við sveitarstjórn að lagt verði 2% á landverð allra jarða í sveitarfélaginu skv. 6. gr. fjallskilasamþykktar nr. 716/2014 til að mæta þeim kostnaði sem af fjallskilum leiðir og ekki verður jafnað niður á búfjáreigendur sem dagsverkum. Nefndin leggur einnig til að lagt verði á niðurjafnað gjald á allt fjallskilaskyldt búfé í sveitarfélaginu skv. a-lið 7. gr. fyrrnefndrar samþykktar, 20 kr. á hverja veturfóðraða kind. Samþykkt samhljóða.

Formaður ætlar að freista þess að ná formönnum annarra fjallskilaneftnda á Vestfjörðum, í Strandabyggð og Dalabyggð saman á fund til að ræða sameiginlega ábyrgð á fjallskilum á svæðinu.

Endurskoða þarf leitir á Hallsteinsnesi. Merkja þarf bílastæði og auðvelda fólki að komast að almenningnum í Kinnarstaðarrétt, t.d. með því að taka einn dilk undir það.

### Önnur mál (ef einhver)

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 14.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____